

*Gunnar Thorarensen, yfirlæknir sérnáms Landspítala, Amelia Samuel, verkefnastjóri í gæðadeild, og Margrét Dís Óskarsdóttir, kennslustjóri gæðaverkefna Landspítala, grípa til aðgerða gegn óánægju sérnámslækna. Mynd/gag*

# Breyta launum og aðstöðu til að bæta líðan sérnámslækna Landspítala

**Bæta á launakerfi, breyta vaktakerfi og laga búningsaðstöðu sérnámslækna til að bæta starfsaðstæðurnar, minnka óánægju og bæta jafnvægi milli starfs og einkalífs**

■■■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Alls hafa 15 af 140 hætt sérnámi á Landspítala síðustu tvö ár. „Ástæðurnar eru mismunandi en álag spilaði stórt hlutverk," segir Margrét Dís Óskarsdóttir, kennslustjóri gæða- og umbótaþjálfunar sérnáms á Landspítala, sem ryndi í þær í kjölfar niðurstaðna könnunar Félags almennra lækna í upphafi árs. Þær sýndu að 43,5% almennra lækna á Landspítala hafa oft eða mjög oft upplifað einkenni kulnunar síðustu 12 mánuði. Einnig að 25% væru því frekar eða mjög sammála að hafa íhugað alvarlega að fara í veikindaleyfi.

„Slegin, hissa en þó ekki óvænt," segir Margrét Dís um niðurstöðurnar. Þær hafi sýnt stöðuna skýrt. „Ekki var hægt að líta framhjá þeim án þess að bregðast við." Gunnar Thorarensen, yfirlæknir sérnáms á Landspítala, segir þær hafa sýnt andrúmsloftið svart á hvítu. „Alvarleg teikn voru á lofti sem gaf okkur tækifæri til að bregðast við."

Margrét Dís og Amelia Samuel, verkefnastjóri í gæðadeild, leiddu og greindu 8 meginástæður vanlíðunar sérnámslækna.

1. Ekkert kerfi sem fylgist með því hvort sérnámslæknar vinni umfram skyldu
2. Brotnir ferlar sem leiði til endurtekningar verka
3. Skortur á samræmdri stjórnun milli klínikurinnar og sérnámsins
4. Engar áætlanir um hvernig dekka eigi klíníska vinnu þegar skortur er á starfsfólki
5. Starfslýsing kennslustjóra ekki í samræmi við væntingar til hlutverksins
6. Óljóst hver ber ábyrgð á starfsumhverfi sérnámslækna
7. Skortur á forvörnum og aðgerðum við veikindum í starfsliðinu
8. Laun fari ekki saman við reynslu sérnámslækna og ábyrgð

Aðgerðaáætlun liggi nú fyrir. Margrét nefnir að settir hafi verið á stofn stuðningshópar fyrir sérnámslæknana. „Þeir hjálpa þeim að takast faglega á við starfið," segir hún en sýtir að fleiri nýti sér þá ekki. „Þetta er eina úrræðið sem miðar beint á einstaklinginn. Önnur snúa að því að bæta vinnuumhverfið." Gunnar segir að eitt úrræðanna sé að bregðast við launamálunum sérstaklega.

„Launin eiga að endurspegla framvinduna í sérnáminu og hefur áætlun um það verið samþykkt í framkvæmdastjórn. Stefnt er að því að hún komi til framkvæmda á næstu vikum," segir hann.

„Þá ætlum við að gera vaktakerfið að betur smurðri vél og endurhanna vaktirnar í samræmi við áhyggjurnar sem sérnámslæknar lýsa," segir hann. Breytingarnar eigi að hluta til að verða að veruleika í október. Meðal aðgerða er einnig að bæta búningsklefa sérnámslækna.

„Sérnámslæknar hafa herbergi sem hefur nýst til að skipta um klæðnað, hvílast, sofa og vinna," segir Amelia. „Aðstaðan er langt frá því sem talist getur viðunandi en við sáum að enginn taldi sig ábyrgan fyrir aðstöðunni þar sem sérnámslæknar tilheyra ekki neinni ákveðinni deild á spítalanum."

Amelia segir mikilvægt að finna jafnvægið á milli sérnámsins og klínísku þjónustunnar. Þau skipuleggi því vinnustofu kennslustjóra, umsjónarsérnámslækna og yfirlækna til að finna þetta ákjósanlega jafnvægi og skilgreina hlutverk hvers og eins betur.

„Við munum setja áætlanir til að sjá meiri skilvirkni í störfum og mæla árangurinn árlega." Þá segja þau að könnunin um líðanina verði endurtekin í febrúar árlega. Þau eru öll á því að þetta sé aðeins byrjunin. „En við bæði stefnum að og vonumst til að sjá merki um betri líðan sérnámslækna strax í næstu könnun."

Læknablaðið
THE ICELANDIC MEDICAL JOURNAL

Hlíðasmára 8
201 Kópavogi
sími 564 4104

**Útgefandi**
Læknafélag Íslands

**Ritstjórn**
Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, ritstjóri og ábyrgðarmaður
Berglind Jónsdóttir
Gunnar Thorarensen
Hulda María Einarsdóttir
Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir
Lilja Sigrún Jónsdóttir
Magnús Haraldsson
Ólafur Árni Sveinsson

**Tölfræðilegur ráðgjafi**
Sigrún Helga Lund

**Ritstjórnarfulltrúi**
Védís Skarphéðinsdóttir
*vedis@lis.is*

**Blaðamaður**
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
*gag@lis.is*

**Auglýsingar**
Ingvar Freyr Ingvarsson
*ingvar@lis.is*

**Umbrot**
Margrét E. Laxness
*melax@lis.is*

**Prófarkalestur**
Aðalsteinn Eyþórsson

**Upplag**
2000

**Áskrift**
21.900,- m. vsk.
Lausasala
2190,- m. vsk.

**Prentun og bókband**
Litróf
Vatnagörðum 14
104 Reykjavík

**Dreifing**
Íslandspóstur
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

**© Læknablaðið**
Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirsluna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.
ISSN: 0023-7213